



# Malbiksrannsóknir 2012

---

## Áfangaskýrsla V

Pétur Pétursson  
mars 2013

## ÁGRIP

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður prófana ársins 2012 sem verkefnishópurinn kom sér saman um, en þær eru þrjúþættar:

1. Kannað var hvaða áhrif mismunandi fínefnainnihald og bikmagn hefði á skriðeiginleika malbiks með hjólfaraprófi. Einnig voru gerð Marshall próf á sömu malbiksblöndum til samanburðar. Þá var borin saman Marshall holrýmd og holrýmd sem fæst eftir þjöppun í malbiksþjöppunni.
2. Tekin voru sýni af tilraunaköflum sem Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas (MHC) hafði lagt á Bústaðaveg og mældir skrið- og sliteiginleikar þeirra til samanburðar við það sem áður hafði fengist á sýnum, þjöppuðum á rannsóknastofu.
3. Gerðar voru samanburðarprófanir á slitþoli íslensks malbiks, annars vegar eftir áraun veðrunar og salts og hins vegar án slíkrar áraunar. Niðurstöður má nota til þess að meta hvaða kröfur þarf að gera til veðrunarþols malbiks við íslenskar aðstæður.

### Helstu niðurstöður 1. liðar:

Sýni sem er með hæsta hlutfall bindiefnis, eða 6,5 %, fær mestu heildarhjólfaradýptina í hjólfaraprófi og sýnið sem er með hæsta hlutfalli fillers, eða 10 %, kemur næst hvað varðar hjólfaramyndun. Sýnið sem fær minnstu hjólfaramyndunina náði ekki ásættanlegri þjöppun í Marshallprófi, enda bindiefnismagn mjög lágt, eða 4,5 %. Samkvæmt þessu er bindiefnisinnihald ráðandi þáttur varðandi skriðeiginleika malbiks innan þeirra marka sem rannsókninni voru sett.

Þegar borin er saman bikinnihald og holrýmd í Marshallprófi sést að þegar bikinnihald er 4,5 % verður holrýmdin mjög há (miðað við 8 % filler), eða allt að 7 %, en innan við 3 % ef bikinnihald er minna eða jafnt og 5,5 %. Festa vex þegar bikinnihald minnkar og sig vex með vaxandi bikinnihaldi. Festan er einnig háð fillermagni, en hún er talsvert ólík í tveimur sýnum með 5,8 % bikinnihaldi og lægra gildið er á sýni með 10 % filler og hærra gildið með 6 % filler. Filleragnið hefur því áhrif á eiginleika malbiksins, þótt bikinnihaldið skipti e.t.v. meira máli.

Tengslin milli skriðs í hjólfaraprófi og Marshall sigs eru nokkuð sannfærandi og einnig þegar borin er saman hjólfaramyndun og holrýmd. Ekki koma fram sannfærandi tengsl milli skriðs í hjólfaraprófi og Marshall festu, en þar ræður mestu að sýni með miklu bindiefni (6,5 %) fær hátt gildi úr hjólfaraprófi, en er með nokkuð góða festu miðað við önnur prófsýni. Hins vegar er sýni með 10 % filler með tiltölulega lága festu, en hjólfaramyndun sker sig ekki mikið frá öðrum sýnum. Filleragnið virðist sem sagt hafa talsverð áhrif á Marshall festu en lítil áhrif á skriðeiginleikana. Loks má geta þess að rúmþyngdir og holrýmdir mælast mjög svipað hvort heldur er um að ræða Marshall kjarna eða sýni þjöppuð í plötubjöppu.

## **Helstu niðurstöður 2. liðar:**

Ekki er mikill munur á Prall-slitþoli sívalninga sem teknir eru úr malbiki eða þjappaðir á rannsóknastofu og ekki heldur milli malbiksgerðanna SL16 með 3 % SBS og SMA16 án SBS. Hjólfaraprófin eru hins vegar, ólíkt Prall prófunum, afar afgerandi og niðurstöður sterklega mismunandi eftir malbiksgerðum og einnig eftir því hvort sýni eru þjöppuð á rannsóknastofu eða tekin úr götu. Malbiksgerðin SL16 með 3 % SBS skríður mun minna í hjólfaraprófi en SMA16 án SBS, en auk þess fá sýni sem þjöppuð eru á rannsóknastofu mun lægri gildi úr hjólfaraprófinu en sýni sem tekin eru úr götu.

Það virðist vera regla að sýni sem tekin eru úr götu í hjólfarapróf fá mun lakari niðurstöðu en sambærileg sýni sem þjöppuð eru á rannsóknastofu. Sýni úr Reykjanesbraut og Ártúnshöfða sem tekin voru á árunum 2008 og 2009 mældust með heildarhjólför á bilinu 12 til 14 mm, en sambærileg sýni þjöppuð á rannsóknastofu mældust með rúmlega 8 mm hjólfaradýpt. Segja má að sýni úr Bústaðavegi með SL16 og 3 % SBS mælist með hjólför á svipuðu róli og fyrri sýni úr vegi, en SMA malbikið úr Bústaðavegi sker sig úr með yfir 18 mm hjólfaradýpt. Á hinn bóginn fær SMA sem þjappað var á rannsóknastofu svipað gildi og eldri sýni þjöppuð á rannsóknastofu, en SL16 með SBS rannsóknastofusýni sker sig úr með óvenju litla hjólfaramyndun.

## **Helstu niðurstöður 3. liðar:**

Sjá má á niðurstöðum Prall slitþolsprófana að frost og saltáraun hefur mjög líklega áhrif til aukningar á slit malbiks. Þetta er sérstaklega áberandi í sýnum með steinefni frá Hólabrú, en þar munar 4 ml að meðaltali á slit með og án áraunarinnar. Munurinn er ekki eins afgerandi í sýnum með steinefni frá Björgun, þó að meðaltali 2 ml. Fyrri prófanir á steinefnunum benda til þess að Hólabrúarefni sé að hluta til mjög ummyndað og ekki eins frostþolið og Björgunarefnið. Það er því eðlilegt að kjarnar með steinefni frá Hólabrú slitni meira eftir frost-salt áraun og endurspegli þannig að steinefnið sjálft hafi veikst við áraunina. Niðurstöður þessa verkþáttar eru sterk vísbending um að frostþol steinefna hafi áhrif á hversu mikið malbik slitnar undan áraun nagladekkja. Því er full ástæða til að velja frostþolin steinefni í malbik til að lágmarka slit af völdum nagladekkja þar sem það á við.

## Efnisyfirlit

ÁGRIP.....	1
1 INNGANGUR .....	4
2 PRÓFUNARAÐFERÐIR .....	6
2.1 Hjólfarapróf .....	6
2.2 Prall slitþolspróf.....	7
2.3 Marshallpróf .....	7
3 PRÓFANIR OG NIÐURSTÖÐUR.....	9
3.1 Áhrif filler- og bikmagns á eiginleika malbiks .....	9
3.1.1 Marshallpróf .....	9
3.1.2 Áhrif filler- og bikmagns á skriðeiginleika malbiks .....	12
3.1.3 Umræða og samanburður á Marshallgildum og skriðmælingum .....	15
3.2 Skrið- og sliteiginleikar malbikssýna úr götu .....	16
3.3 Athugun á slitþoli malbiks eftir áraun veðrunar og salts .....	19
Heimildir, staðlar og ítarefni: .....	22
VIÐAUKI I Gögn vegna verkþáttar um áhrif filler- og bindiefnismagns á eiginleika malbiks.....	23
VIÐAUKI II Gögn vegna prófana á skrið- og sliteiginleikum malbiks úr götu.....	41
VIÐAUKI III Gögn vegna prófana á áhrifum frosts og salts á sliteiginleika malbiks .....	61

## 1 INNGANGUR

Á undanförunum árum hafa komið út skýrslur um rannsóknir á íslensku malbiki með tækjabúnaði sem komið var upp á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) og uppfyllir Evrópustaðla. Fyrsta skýrslan í þessum flokki hét *Mat á eiginleikum malbiks fyrir íslenskar aðstæður* og kom út árið 2009. Í þessum fyrsta áfanga voru meðal annars gerðar mælingar á skriðeiginleikum sýna af SL malbiki sem tekin voru úr vegi með sögun, svo og samanburður á þeim sýnum og sams konar sýnum sem þjöppuð voru á rannsóknastofu með „roller compactor“. Í öðrum áfanga verkefnisins, sem áfangaskýrsla II frá 2010 fjallar um, var aftur tekið sýni úr vegi, að þessu sinni SMA malbik auk þess sem haldið var áfram að prófa hefðbundnar íslenskar malbiksgerðir. Á þessum tíma hafði Prall- slitþolstækið verið sett upp og voru sýni því bæði prófuð með tilliti til skrið- og sliteiginleika. Þriðja áfangaskýrslan í sama flokki kom út árið 2011 og má segja að í þeim áfanga hafi verið framhald á prófunum á hefðbundnum malbiksblöndum með tilliti til skrið- og sliteiginleika, aðallega á aðsendum sýnum, þjöppuðum á rannsóknastofu. Í mars 2012 kom svo út fjórða áfangaskýrsla þessa verkefnis, en í þeim áfanga var áhersla lögð á prófanir á áhrifum fillerhluta og fillergerðar í malbiki á skriðeiginleika þess.

Auk þessara skýrslna um rannsóknir á íslensku malbiki kom út skýrsla um áhrif fjölliðubreyttra bikbindiefna á skrið- og sliteiginleika malbiks árið 2010 og var hún hluti af námsverkefni við Háskólann í Reykjavík. Þá kom út skýrsla um niðurstöður verkefnis sem fjallaði um áhrif bikgerðar á slit- og skriðeiginleika malbiks í mars 2011. Fleiri verkefni tengjast rannsóknum á malbiki með nýjum prófunaraðferðum á síðustu árum, m.a. hefur Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas lagt út tilraunakafla og hafa sýni úr götu og gerð á rannsóknastofu verið prófuð m.a. með hjólfaratæki og Prall-slitþolstæki og gefnar út skýrslur. Þá hafa gögn fengist úr rannsóknaverkefnum sem tengjast endurvinnslu malbiks

Verkefnið í heild sinni snýr að áframhaldandi rannsóknum á íslensku malbiki í víðum skilningi. Með tilkomu nýrra evrópskra prófunarstaðla og tækjabúnaðar á NMÍ er unnt að mæla ýmsa eiginleika þeirra malbiksblanda sem nú eru í notkun hérlendis með tilliti til hinna nýju staðla. Einnig er unnt að hanna, þjappa og prófa nýjar blöndur malbiks, svo sem malbiks sem blandað er með fjölliðum eða vaxi, en niðurstöður benda til þess að slík efni geti bætt skrið- og sliteiginleika malbiks verulega (Ásgeir Rúnar Harðarson 2010 og Arnþór Óli Arason og Pétur Pétursson 2011). Verkefnið er liður í þróun og hönnun íslensks malbiks og munu niðurstöðurnar nýtast við gerð leiðbeininga um malbik fyrir mismunandi umferð og aðstæður.

Að vanda var gert ráð fyrir umfangsmeiri rannsóknum í umsókn en unnt var að framkvæma fyrir þann styrk sem fékkst til verkefnisins, jafnvel þótt hann hafi verið myndarlegur. Í þessari

skýrslu er fjallað um niðurstöður prófana ársins 2012 sem verkefnishópurinn kom sér saman um, en þær eru í raun þríþættar:

1. Kannað var hvaða áhrif mismunandi fínafnainnihald og bikmagn, svo og samspil þeirra þátta, hefði á skriðeiginleika malbiks með hjólfaraprófi. Einnig voru gerð Marshall próf á sömu blöndum, en með þeim hætti var kannað hvaða áhrif hönnuð holrýmd hefur á þessa eiginleika. Borin er saman hönnuð holrýmd og holrýmd sem fæst eftir þjöppun í malbiksþjöppunni.
2. Tekin voru sýni af tilraunaköflum sem Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas (MHC) hafði lagt á Bústaðaveg og mældir skrið- og sliteiginleikar þeirra til samanburðar við það sem áður hafði fengist á sýnum, þjöppuðum á rannsóknastofu. Kostnaður við sýnatöku var framlag MHC til verkefnisins.
3. Gerðar voru samanburðarprófanir á slitþoli íslensks malbiks, annars vegar eftir áraun veðrunar og salts og hins vegar án slíkrar áraunar. Niðurstöður má nota til þess að meta hvaða kröfur þarf að gera til veðrunarþols malbiks við íslenskar aðstæður. Þessi verkþáttur var styrktur af Reykjavíkurborg.

NMÍ hefur séð um allar prófanir þessa áfanga um malbiksraðsóknir.

Í verkefnishópi sátu Arnþór Óli Arason, Ásbjörn Jóhannesson og Óskar Örn Jónsson hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Gunnar Bjarnason hjá Vegagerðinni, Halldór Torfason hjá Malbikunarstöðinni Höfða, Sigþór Sigurðsson hjá Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas, Theodór Guðfinnsson hjá Reykjavíkurborg og Pétur Pétursson verkefnisstjóri.

## 2 PRÓFUNARAÐFERÐIR

### 2.1 Hjólfarapróf

Skriðpróf í hjólfaratæki, eða hjólfarapróf, eru hér gerð samkvæmt staðli ÍST EN 12697-22 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 22: Wheel tracking, nánar tiltekið með litlu tæki (aðferð B) í lofti, en slíkt tæki er til staðar á NMÍ. Prófsýni geta verið hvort heldur tekin úr götu eða þjöppuð á rannsóknastofu. Tæki til þjöppunar á heitum malbikssýnum sem passa í hjólfaratækið er einnig til staðar á NMÍ og er það í samræmi við staðal ÍST EN 12697-33 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 33: Specimen prepared by roller compactor. Þegar malbik er þjappað í þjöppunni er það hitað upp að því hitastigi sem hæfir bikgerðinni, vigtað og sett í mót, gjarnan 300 x 400 mm á kant. Þegar magn er ákvarðað er tekið mið af rúmþyngd malbiksins þannig að það nái ákveðinni þykkt, að teknu tilliti til holrýmdar að þjöppun lokinni. Þjöppunin felst í því að ávalur stálfótur leggst á sýnið og hnoðar það fram og aftur til að líkja eftir stáltromlu valta. Farið er yfir sýnið alls tíu sinnum með 10 kN álagi á stálfótinn og tekur þjöppun hverrar plötu u.þ.b. 2 mínútur.

Hjólfaraprófið er gert í lokuðum, hitastýrðum skáp. Malbiksplötu er komið fyrir í skápnum og hún látin standa í a.m.k. 4 klst. til að ná prófunarhitastiginu. Í prófinu er gúmmíhjóli, sem er 200 mm í þvermál og 50 mm breitt, ekið fram og aftur eftir sýninu, alls 10.000 umferðir með 700 N álagi. Hjólið ekur samtals 230 mm í hvora átt á sýninu með hraðanum 26,5 umferðir á mínútu. Mælir skráir reglulega og samfellt hjólfaradýpt á hverjum tíma. Hafður er stuðningur við hliðar og enda plötunnar meðan á prófun stendur. Samkvæmt prófunarstaðli skal í hverju prófi mæla tvö hlutasýni og gefa upp meðaltal þeirra. Hjólfarapróf voru gerð við 45°C, en það er lægsti leyfilegi prófhiti samanber töflu D.1 í viðauka D í staðli um gerðarprófanir á malbiki, ÍST EN 13108-20 Bituminous mixtures - Material specifications - Part 20: Type Testing. Mynd 1 a) sýnir hjólfaratækið og mynd 1 b) sýnir þjöppuna sem þjappar plötur í hjólfarapróf. Niðurstöður prófsins eru einkum þrenns konar; heildarhjólfaradýpi í mm eftir 10.000 umferðir (Total Rut Depth, TRD), hjólfaradýpt sem hlutfall af sýnisþykkt (Proportional Rut Depth, PRD) og hjólfaramyndun á hverjar 1000 umferðir, síðustu 5.000 umferðirnar (Wheel Tracking Slope (WTS)).




Mynd 1 a) og b) Hjólfaratæki og malbiksþjappa

## 2.2 Prall slitþolspróf

Prall slitþolspróf er ætlað til þess að meta slitþol þjappaðs malbiks gagnvart nagladekkjaárun. Aðferðin er samkvæmt Evrópustaðli ÍST EN 12697-16 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 16: Abrasion by studded tyres, en hún er sænsk að uppruna.

Prófið er gert þannig að í litlum stálhólki er komið fyrir sneið af malbiki sem er um 100 mm í þvermál og 30 mm þykk ásamt 40 stálkúlum sem eru 11,5 mm í þvermál. Á hólkinn er sett lok sem hleypir vatnsstreymi yfir sýnið, 2 l/mín af 5°C vatni. Tækið hristir síðan stálhólkinn með sýninu og kúlunum upp og niður, 950 sveiflur/mínútu í 15 mínútur og er slaglengdin 43 mm. Mynd 2 sýnir Prall tæki og er með útskýringum á einstökum hlutum þess.



### Mynd 2 Prall slitþolstæki og útskýringar á einstökum hlutum þess

Sneiðar eru hafðar í vatnsbaði við 5°C í a.m.k. 5 klst fyrir próf. Þyngd og rúþyngd mettaðra sýnanna er mæld fyrir próf og þyngdin aftur eftir próf. Þyngdartapið er reiknað yfir í millilítra, ml. Í hverju prófi eru prófuð fjögur hlutasýni og er Prall gildið meðaltal þeirra.

Í sneiðum sem gerðar eru úr borkjörnum er álagið sett á vegyfirborðið en í þeim sem sagaðar eru úr sívalningum þjöppuðum á rannsóknastofu, er áraunin sett á sagaða flötinn. Prallgildi eru því ekki alveg sambærileg milli sýna sem tekin eru úr götu og sýna sem eru útbúin á rannsóknastofu.

## 2.3 Marshallpróf

Marshallpróf er gert samkvæmt Evrópustaðli ÍST EN 12697-34 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 34: Marshall test. Marshall malbikssýni eru útbúin með sérstökum hamri skv. aðferð ÍST EN 12697-30 Bituminous mixtures - Test methods for hot mix asphalt – Part 30: Specimen preparation by impact compactor. Segja má að Marshallpróf geti haft tvíþættan tilgang:



1. Notað sem hönnunarpróf til að ákveða heppileg hlutföll steinefna og bikbindiefnis í malbiki. Í því sambandi er byrjað á að finna blöndunarhlutföll steinefna sem nota skal, þannig að sáldurferillinn lendi innan tiltekinna markalína samkvæmt verklýsingum. Berggæði steinefna, bikgerðin (stungudýpt), íaukar og íblendir eru valin með hliðsjón af umferðarálagi þess vegar sem á að malbika.
2. Prófið er framkvæmt til eftirlits með framleiðslu á malbiksblöndum með gerð kjarna með Marshallhamri, mælingar á rúmþyngd, holrýmd og bikfylltri holrýmd.

Þegar Marshallprófið er notað til hönnunar, sem sagt til að ákveða hlutföll steinefna og bikbindiefnis í malbiki, er byrjað á því að ákveða sáldurferil steinefnanna. Síðan eru blönduð sýni með mismunandi bindiefnisinnihaldi til prófunar. Sýnin eru blönduð og þjöppuð við tiltekin skilyrði, s.s. ákveðið hitastig til að seigja bindiefnisins sé innan ákveðinna marka. Þjappað er í þar til gerð mót með Marshall-hamri, sjá mynd 3.



**Mynd 3** Marshall hamar


Þegar sýnin hafa kólnað í mótunum eru þau tekin úr þeim og stærð þeirra og rúmþyngd mæld. Auk þess er holrýmd þeirra reiknuð út. Því næst eru sýnin sett í álagspróf til að ákveða festu (stöðugleika) og sigeginleika þeirra. Niðurstöður ofangreindra mælinga eru dregnar upp á línurit sem fall af bindiefnisinnihaldi og fundið það bindiefnisinnihald sem svarar til mestrar rúmþyngdar, mestrar festu og holrýmdar innan ákveðinna marka. Einnig er hlutfallið festa/sig skoðað. Samkvæmt Evrópustöðlum 13108-1 og 13108-5 um framleiðslu malbiks eru ekki gerðar kröfur til festu og sigs malbiks sem ætlað er til nota í vegi, en slíkar kröfur eiga einungis við fyrir malbik á flugbrautir.

### 3 PRÓFANIR OG NIÐURSTÖÐUR

#### 3.1 Áhrif filler- og bikmagns á eiginleika malbiks

##### 3.1.1 Marshallpróf

Greinargerð um þennan verkþátt frá NMÍ, svo og niðurstöður prófana er að finna í viðauka I. Útbúnaðar voru fimm SL-malbiksblöndur á rannsóknastofu, allar með sömu bindiefnisgerð (bik með stungudýpt PG 160/220) og Seljadalssteinefni með eins kornadreifingu grófa hlutans (>1,0 mm), en með mismiklum filler (fínefni) og bikinnihaldi. Mynd 4 sýnir kornadreifingu steinefnis með þrenns konar fillermagni, 6, 8 og 10 %.




**Mynd 4** Kornadreifing sýna með mismiklu fillermagni

Annars vegar voru útbúin hefðbundin Marshallsýni með Marshallhamri til ákvörðunar á stikum svo sem rúmþyngd, holrýmd, festu og sigi mismunandi malbiksblöndna og hins vegar þjappaðar plötur með malbiksþjöppu til prófana með hjólfaraprófi, sjá lýsingar á aðferðum í kafla 2. Helstu kennistærðir úr Marshallprófinu koma fram í töflu 1.

**Tafla 1** Helstu kennistærðir úr Marshallprófi á fimm mismunandi malbiksblöndum

Númer sýnis	Fillermagn, %	Bikmagn, %	Hlutfallið filler/bik	Rúmþyngd malbiks, g/cm <sup>3</sup>	Holrýmd malbiks, %	Bikfyllt holrýmd, %	Festa, kN	Sig, mm	Hlutfallið festa/sig
B1	10	5,8	1,72	2,630	1,5	91,1	9,5	4,2	2,3
B2	6	5,8	1,03	2,597	2,8	84,0	10,5	3,6	3,0
B3	8	4,5	1,78	2,538	6,9	61,9	11,3	2,7	4,3
B4	8	5,5	1,45	2,612	2,6	84,4	10,9	3,7	3,0
B5	8	6,5	1,23	2,624	1,1	94,1	10,3	4,3	2,4


Fyrst er áhugavert að skoða hversu sterk fylgnin er milli holrýmdar og rúmpýngdar Marshallskýnnanna sem útbúin voru, sjá mynd 5.



**Mynd 5** Tengsl holrýmdar og rúmpýngdar Marshallkjarna B1 til B5

Eins og sjá má er fylgnin afar sterk, enda spilar kornarúmpýngd steinefnis ekki inn hér þar sem um sama steinefnið er að ræða í öllum tilfellum. Einu breytunnar felast í mismiklu magni af bindiefni og filler, sem greinilega eru ráðandi þættir í þessu sambandi.

Mynd 6 lýsir þessum tengslum nánar á myndrænan hátt.




**Mynd 6** Tengsl holrýmdar og rúmpýngdar Marshallkjarna (fillermagn/bikmagn á X-ás)


Þær niðurstöður sem fram koma úr Marshallprófinu koma í sjálfu sér ekki á óvart, en áberandi er hversu bikinnihaldið er ráðandi þáttur í eiginleikum malbiksins, e.t.v. í meira mæli en fillermagnið. Að vísu sýnir mynd 6 að sýni með 10 % filler og 5,8 % bikinnihald fær

heldur hærri rúmpýngd en sýni með 8 % filler og 6,5 % bikinnihald, en þó ívið meiri holrýmd, þótt munur á þessum tveimur sýnum sé ekki mikill. Það sýni sem sker sig mest úr í hina áttina er með lágu bikinnihaldi, eða 4,5 %, en þar næst ekki há rúmpýngd og holrýmdin er nálægt 7 %.


Á myndum 7 a) til f) eru helstu stikar skoðaðir í tengslum við hvorn annan eins og tíðkast við túlkanir úr Marshallprófi.




a)




b)




c)



d)




e)



f)

**Mynd 7 a) til f)** Tengsl helstu kennistærða úr Marshallprófi

Þegar borin er saman bikinnihald og holrýmd sést að þegar bikinnihald er 4,5 % verður holrýmdin mjög há (miðað við 8 % filler), eða allt að 7 %, en innan við 3 % ef bikinnihald er minna eða jafnt og 5,5 %. Á sama hátt verður rúmþyngdin lág með lágu bikinnihaldi. Festa er í öfugu sambandi við bikinnihald, vex þegar bikinnihald minnkar og sig er í réttu sambandi við bikinnihald og vex með vaxandi bikinnihaldi. Að vísu má benda á að festa í tveimur sýnum með 5,8 % bikinnihaldi er talsvert ólík og ræðst þá af því að lægra gildið er á sýni með 10 % filler og hærra gildið með 6 % filler, sjá einnig mynd 8. Þarna sést því greinilega að fillermagnið hefur vissulega mikil áhrif á eiginleika malbiksins, þótt bikinnihaldið skipti e.t.v. meira máli innan þeirra marka sem rannsókninni voru sett. Mynd 8 sýnir tengsl festu og sigs.



**Mynd 8** Niðurstöður mælinga á festu og sigi í malbiksblöndum B1 til B5

Myndin sýnir í raun að bæði festa og sig eru breytilegir eiginleikar sem í þessu tilfalli stjórnast af mismiklu bikinnihaldi á bilinu 4,5 til 6,5 % og fillermagni á bilinu 6 til 10 %, eins og fram hefur komið hér að framan.


### 3.1.2 Áhrif filler- og bikmagns á skriðeiginleika malbiks

Eins og fram hefur komið voru útbúin sýni af sömu blöndum og fóru í Marshallprófanir í plötubjöppu, sem henta til mælinga á skriðeiginleikum í hjólfaraprófinu. Helstu niðurstöður mælinga eru settar fram í töflu 2, en nánari lýsing á aðferðinni, svo og framsetningu niðurstaðna er í kafla 2.1 hér að framan.

**Tafla 2** Helstu niðurstöður mælinga með hjólfaraprófi á malbiksplötum

Númer sýnis	Fillermagn, %	Bikmagn, %	Hjölför eftir 5000 umf., mm	TRD, heildarhjólför, mm	WTS halli, mm/1000 umf.
B1-1			5,2	6,08	0,18
B1-2			6,01	6,73	0,14
<b>B1 meðal</b>	<b>10</b>	<b>5,8</b>	<b>5,61</b>	<b>6,41</b>	<b>0,16</b>
B2-1			4,05	4,79	0,15
B2-2			5,03	6,12	0,22
<b>B2 meðal</b>	<b>6</b>	<b>5,8</b>	<b>4,54</b>	<b>5,46</b>	<b>0,18</b>
B3-1			3,29	4,15	0,17
B3-2			3,79	4,58	0,16
<b>B3 meðal</b>	<b>8</b>	<b>4,5</b>	<b>3,54</b>	<b>4,37</b>	<b>0,17</b>
B4-1			3,94	4,68	0,15
B4-2			4,35	4,94	0,12
<b>B4 meðal</b>	<b>8</b>	<b>5,5</b>	<b>4,15</b>	<b>4,81</b>	<b>0,13</b>
B5-1			8,91	10,27	0,27
B5-2			7,61	8,98	0,27
<b>B5 meðal</b>	<b>8</b>	<b>6,5</b>	<b>8,26</b>	<b>9,63</b>	<b>0,27</b>


Taflan sýnir niðurstöður helstu mæligilda úr hjólfaraprófi, bæði stök gildi fyrir hvort hlutasýni og meðaltal. Það sést að yfirleitt munar ekki miklu á niðurstöðum hlutasýna, t.d. er heildarhjólfaramyndun mest um 1,3 mm milli hlutasýna í B2 og B5. Mynd 5 sýnir niðurstöðurnar, þar sem sýnum er raðað eftir vaxandi heildarhjólfaramyndun.



**Mynd 9** Meðalskrið í malbikssýnum B1 til B5, raðað eftir TRD, heildarhjólfaradýpt

Það sést á myndinni að sýnið sem sker sig áberandi úr er B5 með 8 % filler og 6,5 % bindiefni, þ.e.a.s. það sýni sem er með hæsta hlutfall bindiefnis, með heildarhjólfaradýpt 9,63 mm og

hallann 0,27 mm/1000 umf. Þessi gildi eru nokkuð í hærri kantinum miðað við gildi á óbreyttu, hefðbundnu SL malbiki sem fengin hafa verið frá malbikunarstöðvum á síðustu árum (ef sýni frá Akureyri eru undanskilin). Sýni B1, sem er með hæsta hlutfalli fillers, eða 10 %, og næsthæsta magni biks, eða 5,8 % kemur næst hvað varðar hjólfaramyndun, með heildarhjólfaradýpt 6,4 mm og hallann 0,16 mm/1000 umf. Þessi gildi eru í raun betri en mælst hefur í aðsendum malbikssýnum án fjölliða eða vax í gegn um tíðina og sýni B2, B3 og B4 eru öll enn betri hvað skrið varðar. Þó skal bent á að sýni B3 sem er einungis með 4,4 mm heildarhjólfaramyndun, náði ekki ásættanlegri þjöppun í Marshallprófi, holrýmd var um 7 %, enda bindiefnismagn mjög lágt, eða 4,5 %. Mynd 10 sýnir hvernig B1 til B5 raðast (lengst til hægri) miðað við ýmsar hjólfaraprófanir, flestar á aðsendum malbikssýnum. Ekki verður farið nánar út í þennan samanburð hér, en sýnin sem prófuð voru í þessari rannsókn eru flest mun betri en í meðallagi (fyrir utan B5). Hvort það hefur áhrif til batnaðar að öðru jöfnu að setja saman kornakúrfu, skammta bindiefni og hræra malbikið á rannsóknastofu skal ósagt látið á þessu stigi. Þó má nefna að í áfangaskýrslu IV um malbiksrensóknir er bent á að sýni sem sett voru saman á rannsóknastofu fengu um 6 mm hjólfaramyndun, en sambærileg sýni úr stöð 9 mm hjólfaramyndun. Ef til vill væri ástæða til að kanna hvaða þættir gætu valdið því í framleiðslu í stöð að skriðeiginleikar versna, sem hugsanlega væri hægt að bæta úr.




**Mynd 10** Hjólfarapróf á sýnum B1 til B5 raðast miðað við fyrri hjólfaraprófanir


Almennt séð er niðurstaða þessa verkþáttar sú að aukið bikmagn veldur aukinni hjólfaramyndun í malbiki eins og við var að búast. Of mikill filler hefur samkvæmt niðurstöðum sömu tilhneigingu, þ.e.a.s. að auka hjólfaramyndun. Þó ber að hafa í huga að þessi rannsóknþáttur takmarkast við einungis fimm mismunandi malbiksblöndur og því erfitt að alhæfa nokkuð, heldur einungis að benda á þessar vísbendingar.

### 3.1.3 Umræða og samanburður á Marshallgildum og skriðmælingum


Í grófum dráttum voru niðurstöður Marshallprófa í þá átt sem við var búist varðandi rúmpýngd, holrýmd, festu og sig, sem sagt að aukið bindiefnisinnihald og/eða fillerinnihald veldur almennt séð hærra rúmpýngd, minni holrýmd, minni Marshall festu og meira Marshall sigi, innan þeirra marka sem þessi verkþáttur faldi í sér. Hjólfaraprófin sýna í grófum dráttum það sama, þótt fylgnin milli Marshallprófa og hjólfaraprófa sé ekki alltaf mjög sterk, en aftur er bent á að gagnasafnið er takmarkað. Mynd 11 a) til d) sýnir tengsl hjólfaraprófs við nokkra stika Marshall prófs.




a)



b)



c)




d)

**Mynd 11 a) og d)** Tengsl milli hjólfaraprófs og Marshall festu og sigs


Eins og sést á mynd 11 a) eru tengslin nokkuð sannfærandi milli heildarhjólfaramyndunar og Marshall sigs og mynd b) er nánast spegilmynd af a) þegar borin er saman hjólfaramyndun og holrýmd. Þetta kemur ekki á óvart þegar mynd 11 c) er skoðuð, en hún sýnir nánast fullkomið samband milli sigs og holrýmdar í Marshallprófi. Ekki eru sannfærandi tengsl milli hjólfaraprófs og Marshall festu samkvæmt mynd 11 d), en þar ræður mestu að sýni B5 með miklu bindiefni fær hátt gildi úr hjólfaraprófi, en er með nokkuð góða festu miðað við B2, B3 og B4 sem öll eru með festu milli 10,5 og 11,5 kN. Á hinum endanum er sýni B1 með 10 % filler og með tiltölulega lága festu, en hjólfaramyndun sker sig ekki mikið frá B2, B3 og B4. Filler magnið virðist sem sagt hafa meiri áhrif á festu en bindiefnismagn í þessari rannsókn og innan þeirra takmarkana sem henni voru settar.



Rétt er að halda því til haga hér að rúmpyngd og holrýmd malbiksplatnanna sem prófaðar voru í hjólfaraprófinu var mæld til samanburðar við mælingar í Marshallprófinu. Samanburður á þessum mælingum er sýndur á mynd 12 a) og b).



a)



b)

**Mynd 12 a) og b)** Rúmpyngd og holrýmd malbiksplatna og Marshall sýna

Mynd 12 sýnir svo ekki verður um villst að bæði rúmpyngdir og holrýmdir mælast mjög svipað hvort heldur eru Marshall kjarnar eða sýni sem þjöppuð voru í plötubjöppunni. Þetta bendir til þess að þjöppun með þessum tveimur afar ólíku aðferðum virðist gefa mjög svipaða niðurstöðu.

### 3.2 Skrið- og sliteiginleikar malbikssýna úr götu

Greinargerð um þennan verkþátt frá NMÍ, svo og niðurstöður prófana er að finna í viðauka II. Ekki verður endurtekið allt það sem þar er birt, heldur settar fram helstu niðurstöður verkþáttarins hér í megin-texta. Rétt er þó að nefna að Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hafði frumkvæði að því að framleiða tvenns konar malbik með steinefni frá Snasa og PG 160/220 biki, annars vegar hefðbundið SL16, en þó með 3 % SBS fjölliðu og hins vegar hefðbundið SMA16 án íblöndunar með fjölliðu. Lagðir voru tilraunakaflar með hvorri gerð malbiks fyrir sig á Bústaðaveg, þann 20. júlí 2011 og sýni af framleiddu efni voru send til NMÍ til þjöppunar og skriðmælinga í hjólfaraprófi og slitprófana með Prall aðferð. MHC gaf út ítarlega skýrslu um útlögn tilraunakafllana og niðurstöður prófana á malbikssýnum í apríl 2012 og má finna skýrsluna á vef Vegagerðarinnar undir „Rannsóknaverkefni“ (sjá heimildir). Síðan þá hafa verið tekin sýni af tilraunaköflunum, bæði kjarnar og sagaðar plötur til mælinga á slit- og skriðeiginleikum malbiksins. Sýnataka fór fram síðastliðið haust, en þá hafði verið umferð á köflunum í liðlega eitt ár.

Ýmislegt fór ekki alveg eins og best væri á kosið í þessum rannsóknarþætti, eins og lesa má um í greinargerð frá NMÍ í viðauka II. Má þar nefna þau mistök við sögun á plötum úr götu í hjólfarapróf að yfirborðið (þ.e.a.s. flöturinn sem ætlaður er undir gúmmíhjólið) var snyrtur til í steinsmiðju, en þar með þynntist malbikslagið nokkuð. Jafnframt komu upp vandamál með

að sjá hvað sneri upp og hvað niður á plötum, þar sem undirlagið var ekki ósvipað því sem prófa átti. Því átti það sér stað að ein platan var prófuð fyrst á „röngunni“, síðan aftur rétt, en ekki verður fjallað nánar um fyrra prófið hér, þótt upplýsingar um það sé að finna í viðauka. Þá má nefna að sigmælir í hjólfaratæki virkaði ekki sem skyldi á tímabili og þurfti að gera við í miðjum klíðum. Þrátt fyrir þessa hnökra við prófanir á sýnum úr götu er talið að leyst hafi verið úr þessum vandamálum og að þau hafi ekki haft teljandi áhrif á niðurstöður. Tafla 3 sýnir helstu niðurstöður mælinga á malbikssýnum, þjöppuðum á rannsóknastofu annars vegar og teknum úr tilraunalögnum hins vegar.

**Tafla 3** Helstu niðurstöður mælinga með hjólfaraprófi og Prall slitþolsprófi


Númer sýnis	Hjólför eftir 5000 umf., mm	TRD, heildarhjólför, mm	WTS halli, mm/1000 umf.	Prall slitþol, ml
Ranns. SBS SL16 Sna 1	4,28	4,64	0,07	
Ranns. SBS SL16 Sna 2	4,59	4,97	0,07	
<b>Ranns. SBS SL16 Sna meðal</b>	<b>4,44</b>	<b>4,81</b>	<b>0,07</b>	<b>18</b>
Búst.vegur SBS SL16 Sna 1	10,76	13,95	0,64	
Búst.vegur SBS SL16 Sna 2	11,44	13,11	0,33	
<b>Búst.vegur SBS SL16 Sna meðal</b>	<b>11,10</b>	<b>13,53</b>	<b>0,49</b>	<b>21</b>
Ranns. SMA16 Sna 1	6,29	7,63	0,27	
Ranns. SMA16 Sna 2	5,57	7,04	0,29	
<b>Ranns. SMA16 Sna meðal</b>	<b>5,93</b>	<b>7,34</b>	<b>0,28</b>	<b>16</b>
Búst.vegur SMA16 Sna 1	14,47	17,11	0,53	
Búst.vegur SMA16 Sna 2	15,98	19,79	0,76	
<b>Búst.vegur SMA16 Sna meðal</b>	<b>15,23</b>	<b>18,45</b>	<b>0,65</b>	<b>20</b>

Í töflunni stendur Ranns. fyrir að sýni hafi verið þjappað á rannsóknastofu, annars vegar með plötubjöppu í hjólfarapróf og hins vegar með snúðþjöppu í Prall slitþolspróf. Ekki er mikill munur á slitþoli sívalninga sem teknir eru úr malbiki eða þjappaðir á rannsóknastofu skv. þessum mæliniðurstöðum. SL16 með SBS fær meðalgildið 18 ef þjappað á rannsóknastofu en 21 ef tekið úr götu. SMA16 án SBS fær ívið betri niðurstöður í báðum tilfellum eða 16 ef þjappað á rannsóknastofu og 20 ef tekið úr götu. Í öllum tilfellum eru þessar niðurstöður lágar og slitþolið virðist vera gott, en miðað við einstök mæligildi hlutasýna sem sjá má í viðauka II virðist munur vera mjög lítill milli hlutasýna, yfir leitt +/- 1 ml. Því má segja að hver syrpa fyrir sig sé stöðug í mæligildum, en þegar svona lítill munur er á syrþum og þær auk þess fáar er óvarlegt að túlka niðurstöðurnar frekar.

Hjólfaraprófin eru, ólíkt Prall prófunum, afar afgerandi og niðurstöður sterklega mismunandi eftir efnunum og einnig eftir því hvort sýni eru þjöppuð á rannsóknastofu eða tekin úr götu. Í fyrsta lagi má nefna SL16 malbik með 3 % SBS og sem þjappað er á rannsóknastofu fær mjög lág gildi úr hjólfaraprófinu, með heildarhjólför 4,8 mm og halla 0,07 mm/1000 umf. Hér er tekið mið af þeim gildum sem mælst hafa á íslensku malbiki í gegn um tíðina, sjá mynd 10 hér að framan, en ekki erlendum niðurstöðum sem gætu verið enn lægri. SMA16 þjappað á rannsóknastofu mælist með heildarhjólför 7,3 mm og halla 0,28 mm/1000 umf. sem er skv.

mynd 10 í góðu meðallagi fyrir malbik með PG 160/220 biki og óbreyttu þar að auki. Slitlagsmalbik (SL) með 3 % SBS sem þjappað er á rannsóknastofu kemur sem sagt mun betur út en steinríkt malbik (SMA), þjappað á sama hátt. Sérstaklega á þetta við þegar skoðuð er hjólfaramyndun á hverjar þúsund umferðir síðustu 5000 umferða, þar sem munurinn er fjórfaldur milli malbiksgerða. Ferlarnir fyrir hjólfaramyndun eru birtir í viðauka II.

Þegar litið er til hjólfaramælinga á sýnum sem tekin eru úr vegi kemur í ljós að þar eru allt önnur mæligildi á ferðinni og mun meiri hjólfaramyndun í báðum gerðum malbiks. Að vísu er SL16 með SBS með áberandi minni hjólfaramyndun í þessum sýnum heldur en SMA án SBS, en gildin eru engu að síður há. Heildarhjólför í SL mælast 13,5 mm á móti 18,5 mm í SMA og halli 0,49 á móti 4,65 mm/1000 umf. Þessar niðurstöður má sjá á mynd 13, en þar eru einnig settar fram niðurstöður mælinga á sýnum sem áður höfðu verið tekin úr götu, borið saman við þjöppun á rannsóknastofu (RC=roller compaction í nafninu).



**Mynd 13** Samanburður á hjólfaramyndun sýna sem þjöppuð eru á rannsóknastofu og sambærilegra sýna úr götu

Eins og myndin sýnir virðist vera regla að sýni sem tekin eru úr götu í hjólfarapróf fá mun lakari niðurstöðu en sýni þjöppuð á rannsóknastofu. Sýni úr Reykjanesbraut og Ártúnshöfða sem tekin voru á árunum 2008 og 2009 (sjá áfangaskýrslur I og II) mældust með heildarhjólför á bilinu 12 til 14 mm, en sambærileg sýni þjöppuð á rannsóknastofu mældust með rúmlega 8 mm hjólfaradýpt. Segja má að sýni úr Bústaðavegi með SL16 og 3 % SBS mælist með hjólför á svipuðu róli og fyrri sýni úr vegi, en SMA malbikið úr Bústaðavegi sker sig úr með yfir 18 mm hjólfaradýpt. Á hinn bóginn má segja að SMA sem þjappað var á

rannsóknastofu fá svipað gildi og eldri sýni, en SL16 með SBS þjappað á rannsóknastofu skeri sig úr með óvenju litla hjólfaramyndun, tæpa 5 mm í heildarhjólför og enn meir ef litið er til hallaútreikningsins þar sem gildið er 0,07 mm/1000 umf. Það skýrist vafalaust af fjölliðubreytingunni, enda í flokki með öðrum fjölliðubreyttum mæligildum. Ekki er ljóst hvað veldur þessum mun sem mælist milli sýna úr götu og þjappaðra á rannsóknastofu, en í næsta áfanga þessa verkefnis verður leitast við að finna skýringar á því.

Áfram verður fylgst með hjólfaramyndun í tilraunaköflunum á Bústaðavegi (sbr. skýrslu MHC sem vitnað var til hér að ofan) og verður fróðlegt að sjá hvernig hjólförin þróast á næstu árum og hvort tengsl fáist við mælingar sem um er fjallað hér að ofan.

### 3.3 Athugun á slitþoli malbiks eftir áraun veðrunar og salts

Gerðar voru samanburðarprófanir á slitþoli íslensks malbiks, annars vegar eftir áraun veðrunar og salts og hins vegar án slíkrar áraunar. Greinargerð um þennan verkþátt frá NMÍ, svo og niðurstöður prófana er að finna í viðauka III. Í greinargerðinni er góð lýsing á framkvæmd prófsins og er hún birt orðrétt hér á eftir:

*“Einn þáttur rannsóknaverkefnisins „Malbiksrensóknir 2012“ var að mæla slitþol malbiks með prallaðferð á venjulegan hátt og eftir frostáraun. Aðferðinni er lýst í staðlinum ÍST EN 12697-16:2004. Prófaðar voru tvær malbiksgerðir. Önnur var SL11 Hólabrú frá Malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas hf. en hin var SL16 Björgun frá Malbikunarstöðinni Höfða hf.*

*Gerðir voru sex sívalningar af hvorri gerð. Þeir voru þjappaðir með marshallhamri, 50 högg á hvorn enda. Efnismagn var haft þannig að hæð sívalninganna yrði um 66 mm. Með sögun fengust tvær um það bil 30 mm sneiðar úr hverjum. Í prallpróf eru notaðar fjórar sneiðar. Þær voru valdar með slembivali í hvorn prófþátt en valinu þó stýrt þannig að sneiðarnar kæmu úr fjórum sívalningum. Sneiðarnar voru mældar og vegnar.*

*Annað prófsettið af hvorri gerð var látið verða fyrir áraun af frostþíðusveiflum og salti. Notuð var aðferðin fyrir steinefnapróf samkvæmt staðlinum ÍST EN 1367-6 með 1% saltlausn og tíu frostþíðusveiflum frá um -20°C upp í 20°C. Í venjulegu prófi eru 2000 g steinefnis sett í prófdósina og síðan saltvatnslausnin. Í þessu prófi voru sett um 800 g steinefnis í dós og prófsneiðin lögð þar á. Síðan var saltlausninni bætt við og látin fljóta 2-3 cm yfir sneiðina. Steinefnið var haft til að lyfta sneiðinni frá botninum. Að loknu prófi voru sneiðarnar skolaðar.*


*Prallpróf var undirbúið á venjulegan hátt. Sneiðar voru hafðar í vatnsbaði í kælikáp yfir nótt og stefnt að 5±1°C hita. Stýring skápsins er ekki góð og var hitinn að morgni frá 3°C að 6°C. Í prófinu sjálfu leikur skolvatn um sýnið og á hiti þess einnig að vera 5±1°C. Notað var venjulegt neysluvatn án kælingar og var hiti þess 7-8°C og því yfir mörkum”.*

Niðurstöður prófana eru birtar í töflu 4, bæði mæligildi fyrir hver fjögur hlutasýni, svo og meðaltal mæligilda.


**Tafla 4** Prall slitþolsgildi fyrir hver fjögur hlutasýni, svo og meðaltal mæligilda.

SL11 Hólabrú frá Malbikunarstöðinni Hlaðbæ Colas hf.		
Meðhöndlun	Mæligildi, ml	Meðaltal, ml
án frosts/salts	23	24
	23	
	25	
	24	
eftir frost/salt	29	28
	28	
	27	
	28	
SL16 Björgun frá Malbikunarstöðinni Höfða hf.		
Meðhöndlun	Mæligildi, ml	Meðaltal, ml
án frosts/salts	22	23
	23	
	22	
	24	
eftir frost/salt	27	25
	25	
	24	
	26	

Þótt þessi rannsóknáttur sé frekar smár í sniðum má sjá að frost og saltáraun hefur mjög líklega áhrif til aukningar á sliti malbiks. Þetta er sérstaklega áberandi í sýnum með steinefni frá Hólabrú, en þar munar 4 ml að meðaltali á sliti með og án áraunarinnar. Öll stöku mæligildin án áraunar eru lægri en stök mæligildi með áraun, sjá mynd 14 a). Munurinn er ekki eins afgerandi í sýnum með steinefni frá Björgun, þó að meðaltali 2 ml, en þar mælist hæsta gildið án áraunar það sama og lægsta gildið með áraun, sjá mynd 14 b).



a)



b)

**Mynd 14 a) og b)** Niðurstöður stakra slitþolsmælinga með Prall aðferð

